



Tilkynning til fjölmiðla  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Í nýársávarpi sínu hinn 1. janúar 2005 boðaði forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson stofnun Íslensku menntaverðlaunanna sem yrðu ásamt Íslensku bókmenntaverðlaununum og Útflutningsverðlaunum forseta Íslands helstu verðlaun úr hendi forseta ár hvert. Það er sérstakt fagnaðarefni að Sparisjóðirnir í landinu hafa fallist á að verða styrktaraðilar verðlaunanna og vinna að framgangi þeirra í samvinnu við embætti forseta Íslands enda hafa þeir um langa hríð veitt menntun og fræðslu í byggðum landsins öflugt lið.

Íslensku menntaverðlaunin verða einkum bundin við grunnskólastarfið. Veitt verða verðlaun í fjórum flokkum:

1. Skólum sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi.
2. Kennurum sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt hafa skarað framúr
3. Ungu fólki sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt.
4. Höfundum námsefnis sem stuðlað hafa að nýjungum í skólastarfi.

Leitað verður eftir tilnefningum hjá íslensku þjóðinni. Mikilvægt er að allir sem láta sig skólamál varða, foreldrar og foreldrafélög, kennarar og einstakir skólar, sveitarfélög, samtök og hverjir þeir aðrir sem áhuga hafa, taki þátt í því að tilnefna þá sem þeir telja verðuga verðlaunahafa.

Tilnefningar skal senda til skrifstofu forseta Íslands (Staðastað, Sóleyjargötu 1, 150 Reykjavík) eða á netfangið: [menntaverdlaun@forseti.is](mailto:menntaverdlaun@forseti.is). Frestur til að senda inn tilnefningar rennur út föstudaginn 6. maí 2005.

Skipaðar hafa verið tvær dómnefndir sem fjalla munu um tilnefningar og gera tillögu til forseta um verðlaunahafa. Önnur dómnefndin fjallar um tilnefningar í fyrsta og fjórða flokki, hin í öðrum og þriðja flokki. Í þeirri dómnefnd sem fjallar um tilnefningar í fyrsta og fjórða flokki sitja þessir einstaklingar:

- Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Kennaraháskóla Íslands
- Jóhanna Kristjánsdóttir fyrrverandi skólastjóri
- Katrín Alfreðsdóttir fyrrv. formaður Foreldrafélags Víðistaðaskóla
- Pétur Bjarnason framkvæmdastjóri SÍBS og fyrrv. fræðslustjóri
- Rósa Eggertsdóttir sérfræðingur á skólaþróunarsviði kennaradeildar Háskólans á Akureyri

Í þeirri dómnefnd sem fjallar um tilnefningar í öðrum og þriðja flokki sitja þessir einstaklingar:

- Áslaug Brynjólfssdóttir fyrrv. fræðslustjóri í Reykjavík
- Séra Bjarni Karlsson sóknarprestur í Laugarneskirkju
- Haukur Helgason fyrrv. skólastjóri í Hafnarfirði
- Stella Guðmundsdóttir fyrrv. skólastjóri Hjallaskóla
- Svanhildur Kaaber ritari rektors Kennaraháskóla Íslands

Íslensku menntaverðlaunin verða afhent á verðlaunahátíð sem haldin verður um mánaðamótin maí/júní. Leitað verður eftir samstarfi við sveitarfélög, félagasamtök, fjölmiðla og fleiri aðila um framkvæmd hátíðarinnar. Jafnframt verður lögð á það rík áhersla að nemendur grunnskólanna verði virkir þátttakendur í henni. Verðlaunahafar fá skjal til staðfestingar verðlaununum og sérstakan grip sem hannaður verður af þessu tilefni.

Sem fyrr sagði hafa Sparisjóðirnir í landinu fallist á að verða styrktaraðilar Íslensku menntaverðlaunanna og vinna að framgangi þeirra í samvinnu við embætti forseta Íslands. Guðbrandur Stígur Ágústsson hefur verið ráðinn verkefnisstjóri Íslensku menntaverðlaunanna.

6. apríl 2005

Nánar upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400, [forseti@forseti.is](mailto:forseti@forseti.is)), Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028) og Ragna Þórhallsdóttir deildarstjóri (861 2596), og verkefnisstjóri Íslensku menntaverðlaunanna Guðbrandur Stígur Ágústsson (862 8049, [stigur@spar.is](mailto:stigur@spar.is))